

Heiti áfanga: ÍSLE2AB10

Titill: Lestur, ritun, goðafræði, málsaga og ritgerðarsmíð

Prep: 2. þrep

Staða áfanga: Hraðferð þar sem farið er yfir efni fyrstu tveggja kjarnaáfanga í íslensku, ÍSLE2AA05 og ÍSLE2BB05. Undanfari fyrir flesta valáfanga í íslensku.

Undanfari: Íslenska úr grunnskóla með A eða B+

Stutt lýsing á áfanganum:

Ýmis grunnatriði kennd og þjálfuð í sambandi við bókmenntalestur, tungumálið, stafsetningu, ritun og munnlega tjáningu. Nemendur þjálfast í umræðum um bókmenntir og aðra texta. Auk þess er fengist við mál og málnotkun frá ýmsum hliðum og íslenskan menningararf. Norrænar goðsagnir eru lesnar sem og nútímabókmenntir, bundið mál og laust mál. Nemendur eru þjálfast í ritgerðarsmíð og bókmenntagreiningu. Stefnt er að því að auka orðaforða. Lesnar eru að minnsta kosti tvær skáldsögur.

Nokkur lykilatriði áfangans: Bókmenntagreining, lesskilningur, ritun, stafsetning, íslenskur menningararfur, goðafræði, málsaga, ritgerðarsmíð.

Námsmat: Ritgerðir, verkefni og lokapróf.